



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Vinstri grænna um að Reykjavíkurborg taki út kolefnisspor við framkvæmd Arnarnesvegjar og Suðurlandsvegjar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Vinstri grænna:

Í ljósi umsagnar samgöngustjóra frá 16. maí 2023 við tillögu Vinstri grænna frá 29. júní 2022 er lagt til að Reykjavíkurborg standi sjálf að því að taka út kolefnisspor við framkvæmd Arnarnesvegjar og Suðurlandsvegjar og að umhverfis- og skipulagsráð feli umhverfis- og skipulagssviði að útfæra það verkefni.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 31. maí sl.

Umsögn:

Vinna við útreikning kolefnisspors eins og hér er lagt til hefur ekki farið fram hjá umhverfis- og skipulagssviði og býr sviðið ekki yfir sérþekkingu sem þyrfti til þess. Sviðið hefur aukinheldur ekki fjárheimildir til að kaupa slíka vinnu af ráðgjafa sem hefði viðeigandi sérþekkingu. Sé það vilji umhverfis- og skipulagsráðs að farið verði í slíkan útreikning þarf að tryggja til þess fjármagn.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri